



51. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

3. október 2017

Fundaritari: Sólveig María Árnadóttir

Fundur settur: 16:14

Mættir: Ketill Sigurður Jólsson, Thelma Rut Káradóttir, Sólveig María Árnadóttir, Hörður Ingi Kristjánsson, Aldís Anna Þorsteinsdóttir, Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, Heiða Björg Guðjónsdóttir, Páll Hólm Sigurðarson, Andrés Tryggvi Jakobsson, Pétur Már Jónsson, Kristín Gerðalíð, Birna Heiðarsdóttir, Andrea Sif Steinþórsdóttir.

Fjarverandi: Berglind Hannesdóttir, Bergdís Sigfúsdóttir, Lís Margrét Rúnarsdóttir.

Dagskrá 51. Fundar stúdentaráðs

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Ávarp formanns.
3. Vinnufundur og kynningar 6. október nk.
4. Kjóstu menntun.
5. Önnur mál.



1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Samþykkt.

2. Ávarp formanns.

Ketill les ávarp sem hann skrifaði og á að vera hvetjandi fyrir stúdentaráð, sjá viðauka.

3. Vinnufundur og kynningar 6. október nk.

Vinnufundur verður haldinn á föstudaginn, 6. október. Gæðastjóri og námsráðgjafar sjá um dagskrána sem hefst klukkan 10 á föstudaginn. Rektor mun opna dagskrána, í framhaldinu verður greint frá öllum nefndum skólans, þar sem formenn nefndanna munu útskýra nefndirnar og koma öllum aðilum betur inn í störf. Mikilvægt að allir mæti, sérstaklega er mikilvægt að þeir sem eru í nefndum mæti um morguninn. Framkvæmdastjórn mun einnig vera með erindi fyrir hönd FSHA.

Háskólinn mun bjóða nemendum upp á pizzur í hádeginu. Þegar dagskrá gæða- og námsráðgjafa er búin mun framkvæmdastjórn standa fyrir vinnufundi. Framkvæmdastjórn óskar eftir hugmyndum um hvað sé mikilvægt að ræða um á þessum vinnufundi og óskar eftir því fyrir miðnætti á morgun, miðvikudag 4. október.

Stefnt er að því að dagskráin verði búin c.a. 16 - 16:30. Ætlum að hittast aftur um kvöldið klukkan 20:00, sennilega á Bryggjunni. Ætlum að borða saman og skemmta okkur fram á kvöld. Ketill hvetur alla til þess að mæta einhvern part yfir daginn, hlutverk formanna að „peppa“ sitt fólk til mætingar.



4. Kjóstu menntun.

LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta hafa hafið átak fyrir komandi Alþingiskosningar en yfirskrift átaksins er Kjóstu menntun og taka öll aðildarfélög LÍS virkan þátt í áttakinu. Ketill segir frá því að þeir fulltrúar frá FSHA ætli að skrifa grein fyrir greinaskirftaátaki og tekur jafnframt fram að öllum greinum sé deilt á FSHA like síðunni og hvetur alla til þess að vera virkir varðandi like, dreifingu og athugasemdir.

Framkvæmdastjórn setur inni fram þá hugmynd að allir í stúdentaráði skipti um forsíðumynd á Facebook á sama tíma, þar sem notaðar verði myndirnar sem Auðunn ljósmyndari tók. Við myndirnar birti allir sama textann sem tengdur er við átakið.

5. Önnur mál.

A) Framboðsfundur 10. október.

Opinn framboðsfundur í sambandi við átakið Kjóstu menntun verður haldinn í Hátíðarsal skólans þann 10. október næstkomandi klukkan 16:10. Ketill hvetur alla til þess að mæta á fundinn og taka virkan þátt í að auglýsa og hvetja sína meðlimi til þess að mæta á fundinn og taka virkan þátt. Auglýsingar fara í loftið um leið og þær eru komnar frá auglýsingaskrifstofu sem SHÍ er í sambandi við.

B) Vefsíðan okkar.

Sólveig spyr hvort að einhverjir séu búnir að yfirfara vefsíðurnar sínar inn á www.fsha.is en á síðasta stúdentaráðsfundi var óskað eftir því að allir myndu gera það og skila inn athugasemdum fyrir 1. október en engar athugasemdir hafa borist. Sólveig gefur frest á þessu út þessa viku en bendir á mikilvægi þess að gera þetta.



C) Stúdentakjallarinn.

Stór lota er í HA vikuna 16. til 20. október næstkomandi. Framkvæmdastjórn telur að það sé kjörið tækifæri til þess að hafa fyrsta viðburðinn í nýja Stúdentakjallaranum okkar, mötuneytinu. Bent er á að framkvæmdastjórn er frekar þétt bókuð þá viku og er lagt til að horfa til dagsetningarinnar 17. október en fræmkvæmdastjórn ætlar að skoða þetta eftir fund og mun auglýsa eins fljótt og auðið er, eftir fund Ketils við Regínu í mötuneytinu.

D) LÍS - Aldís Mjöll Geirsdóttir.

Framkvæmdastjórn hefur fengið Aldísi Mjöll Geirsdóttur, formann LÍS í heimsókn. Hún mun nú flytja erindi þar sem hún kynnir starf LÍS. Því óskar framkvæmdastjórn eftir því að fundi verði slitið hér og er það samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:45



Undirskrift fundargesta

Ketill Sigurður Jóelsson
Formaður FSHA

Sólveig María Árnadóttir
Varaformaður FSHA

Thelma Rut Káradóttir
Fjármálastjóri FSHA

Hörður Ingi Kristjánsson
Formaður Data

Lísa Margrét Rúnarsdóttir
Formaður Eirar

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir
Formaður Kumpána

Heiða Björg Guðjónsdóttir
Formaður Magister

Páll Hólm Sigurðarson
Formaður Reka

Andrés Tryggvi Jakobsson
Forseti Stafnbúa

Pétur Már Jónsson
Formaður Þemis

Kristín Gerðalíð
Formaður Alþjóðanefndar

Berglind Hannesdóttir
Formaður Félags- og menningarlífsnefndar

Bergdís Sigfúsdóttir
Formaður kynningarnefndar